

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík  
[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

## Umsögn og athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Ég undirrituð, íbúi í sveitarfélaginu Skaftárhreppi, geri eftirfarandi athugasemdir við ofannefnda þingsályktunartillögu.

Ég tek fyrir það fyrsta heils hugar undir sérstaka ábendingu faghóps I í Rammaáætlun, varðandi verndun, til stjórnvalda. Þar segir:

*Faghópur I vill að auki koma sérstakri ábendingu varðandi verndun til stjórnvalda. Það er mat faghópsins að suðurhluti miðhálandisins, á hinu eldvirka belti frá Markarfljóti og austur að Skaftá búi yfir mjög miklum verðmætum, einkum í jarðminjum, landslagi og víðernum, en einnig að hluta til í lífríki. Innan þessa svæðis falla mörg af merkilegustu jarðfræðifyrirkærum landsins svo sem Torfajökulssvæðið, Eldgjá (frá Mýrdalsjökli að Langasjó), Lakagígar og Skaftáreldahraunið, móbergshryggir við Langasjó, Tungnaá og suðaustan Torfajökulssvæðisins og Markarfljótsgljúfur. Einnig má nefna Rauðubotna, Mælfellssand og Þórsmörk/Almenninga. Svæðið er ekki sérstaklega lífauðugt en þar eru þó tvenns konar vistkerfi sem eru mjög óvenjuleg á heimsvísu, breiskjuhraunin á hálandi Skaftáreldahrauns og hið þykka mosagróna Eldhraun á láglandi. Svæðið býr yfir einstaklega fjölbreyttu landslagi sem sumt á sér óvíða, og jafnvel hvergi hliðstæðu og stórir hlutar þess eru enn lítt snortið víðerni.*

(Niðurstöður 2. áfanga rammaáætlunar. Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði, bls. 72-73. Sótt á <http://www.idnadarraduneyti.is/media/Acrobat/Skyrsla-verkefnisstjornar-2.-af..pdf> 7.5.2012).

Landbúnaður og ferðaþjónusta eru undirstöðu atvinnugreinar í Skaftárhreppi. Þær byggja hvor um sig, og sem sterk heild á sjálfbæran hátt á náttúruauðlindum landsins og hinni rómuðu náttúru. Ljóst er að virkjanaframkvæmdir af því tagi sem um ræðir myndu koma verulega illa við þá starfsemi og skerða framtíðarmöguleika þessara starfsgreina. Nefna má skerðingu beitarlands á láglandi, aukið leirfok, fórn stórs hluta forns birkiskógar, upptöku lands vegna línulagna, minni fiskgengd, skerðingu víðerna, sjónmengun og margt fleira.

Yfirlýsingar sveitarstjórnar Skaftárhrepps, talsmanna orkufyrirtækja og örfárra landeigenda í Skaftárhreppi um að mikil sátt sé um fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir eru til þess fallnar að villa um fyrir þeim aðilum sem um þessi mál hafa að segja. Því fer ákaflega fjarri að sátt sé um slíkar virkjanaframkvæmdir meðal íbúa hreppsins, svo sem látið hefur verið í veðri vaka. Að auki skýtur það skökku við – og hlýtur að teljast verulega athugarvert – að í lýðræðisríkinu Íslandi skuli sveitarstjórn Skaftárhrepps, fámenns sveitarfélags með 0.001% gildra atkvæða á landsvísu í síðustu sveitarstjórnarkosningum að baki, fara með skipulagsvald á 7% Íslands, þar sem afar sérstæð náttúra á heimsvísu er staðsett.

Það telst ekki að sátt ríki í samfélagi þó að fáeinir sveitarstjórnarmenn hafi komist að niðurstöðu og taki ákvarðanir í skipulagsmálum sem geta haft afgerandi áhrif á náttúru og umhverfi til framtíðar.

Ég legg áherslu á þann óbilandi vilja minn, byggðum á lengri tíma sýn og með vít samhengi að leiðarljósi, **að allir virkjanakostir í Skaftárhreppi, sem fjallað er um í drögum að tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, verði í verndarflokki.** Helstu rök fyrir verndun svæðisins gegn virkjunum og afleiddum óafturkræfum framkvæmdum af þeirra völdum er hin mikla jarðfræðilega sérstaða svæðisins sem myndar stóra landslagsheild á um 7% Íslands. Svæðið einkennist af mikilli eldvirkni og samspili elds og íss. Vatnasvið Kúðafljóts, þar með talin Skaftá, Hólmsá og Tungufljót og vatnasvið jökulána í austurhluta svæðisins; Djúpa, Brunná og Hverfisfljót, eru enn óröskuð af virkjanaframkvæmdum. Óröskuð vatnasvið eru mikil auðlind sem ber að vernda, ekki síst nú á tímum þegar slíkt heyrir til undantekninga á heimsvísu. **Ekki þarf nema eina virkjun til að eyðileggja hina óspilltu heildarmynd svæðisins.**

Kirkjubæjarklaustri, 7. maí 2012

Með einlægri von um góðar undirtektir

Ingibjörg Eiríksdóttir  
Túngötu 2  
Kirkjubæjarklaustri